



Rauschenberg

Kjarvalsstaðir 30. ágúst — 9. sept. '79

Nýstefna í New York

Árið 1971 var komið á fót stofnuninni „*Institute for art and urban resources*“ í New York, sem hefur það að markmiði að „gera borgina manneskjulegri og notalegri fyrir listamenn“, eins og forstöðumaðurinn Alanna Heiss komst að orði. Takmarkið er að auðvelda listamönnum að sinna listsköpun, og að koma verkum sínum á framfæri, án þess að þurfa að lúta lögmálum sýningar-salanna, sem í New York eru allflestir reknir með fjárhagssjónarmiðin efst í huga. — Byrjað var að efna til þriggja daga listahátíðar undir Brooklyn brúnni, — the *Brooklyn Bridge event* — sem vakti mikla athygli. Um svipað leyti fékk stofnunin yfirráð yfir gömlu yfirgefnu húsi við Bleeker Street númer tíu í Greenwich Village, — þar fengu listamenn vinnu- og sýningaraðstöðu. Síðan hefur stofnunin vaxið jafnt og þétt. 1973 fékk hún yfirráð yfir Klukku-turninum, the *Clocktower*, við Leonard Street á neðri Manhattan, sérkennilegri byggingu frá 1912, sem nú er talin eitt sérstæðasta sýningarsvæði í New York. Mest kveður þó að *P.S.1* (Project Studios 1) sem stofnunin komst yfir 1976. Það er stórt gamalt skólahús á Long Island City, sem staðið hafði autt í nokkur ár. Þar eru vinnustofur, sýningarsvæði og mikið rými, sem nýtt hefur verið til leiksýninga, gjörninga og hvers kyns leiklistarstarfsemi. *P.S.1* var formlega opnað með sýningunni „*Rooms*“ 1976, og eru ýmsar skissur, ljósmyndir og heimildir frá þeirri sýningu hér á Kjarvalsstöðum. Markmið þessarar sýningar er að lýsa nýjum dæmum í listsköpun í New York, og það sem umrædd stofnun „*Institute for Art and Urban Resources*“ hefur lagt að mörkum í þeim efnum. Stofnunin hefur lagt meir en þúsund listamönnum lið með því að veita þeim aðstöðu í gömlum byggingum og á svæðum sem ekki voru lengur notuð. Meðal deilda stofnunarinnar ber að geta „*Store Front Museum*“ (búðarglugga-safnið) og „*Street Museum*“ sem veita listamönnum sýningaraðstöðu í verslunum og verslunargluggum, „*Idea Warehouse*“ (vöruhús hugmyndanna) miðstöð gjörninga við Read Street. Það val sem hér getur að lita sýnir tilraunir í listsköpun síðustu sjö árin. Sýningin er ekki síst samsafn af frumrissum, minnispunktum og hugmyndum að verkum, flest orðin til með ákveðinn stað í huga.

Nýstefna í New York — The New York avant garde of the 1970's

32. Saul Ostrow

„Atvinna handa atvinnulausum (sjálfsmynd af öllum þeim sem hafa unnið fyrir aðra),“ vinnuteikning fyrir búðarglugga 1976. 57 x 130 cm eig. Drell Kolbert gallery.

33. Dennis Oppenheim

Tillaga að samsýningu: gjörður/orð. *Clocktower* 1974 49 x 62 cm

34. Stefan Eins

„Brúða fyrir fulloröna“ (fyrir fjóldaframleiðslu og dreifingu). Frumriss fyrir „*Street Museum*“ 1976. 82 x 102 cm

35. Patrick Ireland

Gögn fyrir sýninguna „*rooms*“ *P.S.1* júní 1976. 62 x 77 cm

36. Bill Anastasi

Hugmynd að fyrirkomulagi. *P.S.1* 1977. 46 x 76 cm

37. Vito Acconci

„I kyndiklefa“. Frá sýningunni „*rooms*“ *P.S.1* 1976. 61 x 100 cm

38. Richard Artschwager

„Útgönguleið“. Frá sýningunni „*rooms*“ *P.S.1* júní 1976. 59 x 67 cm

39. Jed Bark

„Eitt brýnasta vandamál samtíðarinnar“ frá gjörningi: „Ljós á/út, í *Clocktower* 1974. 46 x 117 cm. Eig. Holly Solomon gallery.

40. Bill Beckley

„Eití handa máfum“ Frá sýningunni „*Brooklyn Bridge Event*“ 24. maí 1972. 77 x 102 cm.

41. Connie Beckley

„Þriefidur þrithyrningur“ hjóðkerfi 1977. 41 x 113 cm

42. Trisha Brown

„*Loco motor*“ 1977 hugmynd að óframkvæmanlegri danssýningu. 28 x 36 cm

43. Lee Breuer

Svið og nótur fyrir „*Koma og fara*“, leikrit eftir Samuel Beckett, flutt af Mabou Mines leikflokknum í lok „*Brooklyn Bridge Event*“ 24. maí 1972. 52 x 77 cm

44. Tine Girouard

„*Bowl and belly canoe*“ 1977. 73 x 75 cm. Eig. Holly Solomon gallery.

45. Philip Glass

„Tónlist í 12 þáttum“ fyrsta og önnur blaðsíða úr frumhandritinu og síðhvað annað fyrir opunarhljótleikana í „*Idea Warehouse*“ 1975. 45 x 112 cm. Eig. Sol Lewitt.

46. Howard Gross

„Eftir veisluna“ 1977. 36 x 42 cm. Einkasafn New York.

47. Denis Green

Nafnlaust. 1977. 42 x 55 cm

48. Doug Davis

„Maðurinn fljúgandi“. „*Idea Warehouse*“ maí 1975. 79 x 87 cm

49. Claudia de Monte

„Sagt án ábyrgðar“ frá *Clocktower* 1977. 73 x 77 cm

50. Mark Di Suvero

Skúlptúr-hugmynd, *Corcoran gallery* 1967. 49 x 56 cm. Eig. Richard Bellamy, New York.

51. Bryan Hunt

„*Square lake*“ 1977. 104 x 114 cm. Eig. Blum Helman gallery.

52. Nancy Holt

„*Crossed locators*“ heimildasöfnun *Bleeker street 10* 1972. 52 x 77 cm

53. Rebecca Horn

„*Moving mirror proposal*“ (spegilmyndir) 1977. 74 x 118 cm

54. Frances Hynes

Nafnlaust, 1977. 67 x 102 cm

55. Jene Highstein

Nafnlaust, 1973. Skissa að verki sem unnið var í höggmyndasmíðjunni á Coney Island, sept. 1973. 60 x 75 cm

56. Lynn Hershtan

„*Roberta Breitmores útbáin*“ 1975. 51 x 75 cm. Einkasafn, New York.

57. **William Wegman**
„Ný skyrti? Nei. Sama skyrtan“ stillimynd af myndseglbandi, rás 2, „sama skyrti“ 1973–77. 59×67 cm
58. **Bob Watts**
„Um skýjatónlistina“ tillaga að skýjatónlist, samin af Bob Watts, Bob Diamond og David Behrman, 1977. 69×84 cm.
59. **Sylvia Whitman**
„Slingshot“ skissur fyrir gjörning framinn í „Idea Warehouse, 1975. 69×84 cm.
60. **Sue Weill**
„Dagrenning“ 1977. 86×92 cm
61. **Hannah Wilke**
„Mastication box sculpture from s.o.s. stratification object series“. 1975. 67×86 cm. Eigandi Ronald Feldman Fine Arts.
62. **Roger Welch**
Tillaga fyrir P.S.I. 1977. 82×102 cm
63. **Bernar Venet**
„Tvennskonar líf, hringlaga og skálinu“ P.S.I, maí 1977. 92×124 cm
64. **Richard van Buren og Batya Zamir**
„Air lines“ heimild um höggmynd og gjörning framinn í P.S.I, maí 1977. 78×100 cm
65. **Eve Sonneman**
„Verkamen við P.S.I.“ Frá sýningunni „Rooms“ P.S.I, júní 1976. 50×72 cm
66. **Fred Sandback**
„Construction with two horizontal ultramarine lines“ frá einkasýningu í Clocktower 1974. 67×102 cm
67. **Wooster enterprises inc.**
Ýmsir munir í fjöldaframleiðslu eftir listamenn. Mynd af sýningu Wooster Enterprises á vegum „Street Museum“ í „New York stationary show“ 15.–18. maí 1977. Verk eftir Jaime Davidovich, Stefan Eins, Judith Henry, George Maciunas, Jean Oigerson. 50×59 cm. Eig. Jaime Davidovich.
68. **Hap Tivey**
Kerfi til að þjóna ákveðnum tilgangi. P.S.I. 1976. 77×102 cm

69. **Robert Yasuda**
Gögn frá einkasýningu í Clocktower 13. nóv. 1975 og 28. jan. 1977. 63×123 cm
70. **Christo**
„Abu Dhabi Mastaba“ tillaga að oliutunnustafli 1977. 57×72 cm
71. **Ed McGowin**
Hugmyndateikning að sérstöku verkefni í P.S.I 1977. 90×120 cm
72. **Max Neuhaus**
„Radio net“ 2. jan. 1977. Heimild um hljóðkerfi. 80×114 cm.
73. **Marjorie Strider**
Teikning fyrir einkasýningu í Clocktower 1976. 59×92 cm
74. **Lucio Pozzi**
„Fjórir gluggar“ heimild um verkefni unnið í P.S.I 9. jan. — 30. júní 1977. 77×109 cm
75. **Nam June Paik**
„Kertasjónvarp“ 1976. 33×36 cm
76. **Charlemagne Palestine og Simone Forti**
Gögn og vinnuteikningar að gjörningi í Idea Warehouse 1976. 81×111 cm
77. **Jackie Ferrara**
Hugmynd að skulptúr á leiksvæði P.S.I 1977. 87×113
78. **Colette**
„Ávörðudraumur“ frá sýningu í Clocktower í jan. 1976. 62×77 cm.
79. **Bob Kushner**
„Te á 59. götu“ uppástunga fyrir „Street Museum“ 1977. 92×122 cm
80. **Michael Clark**
„First Ward school“ 1976. 21×26 cm
81. **Robert Ryman**
Frumskissur og minnispointar fyrir „sex aquatintur“ 1975, ásamt 6 vélunnum myndum. 73×93 cm
82. **Joel Shapiro**
Teikning fyrir einkasýningu við opnun á Clocktower 1973. 28×44 cm. Eig. safn James Duffy, Detroit Michigan.

Sýningarnar eru haldnar á vegum stjórnar Kjarvalsstaða og Menningarstofnunar Bandaríkjanna. Magnús Tómasson myndlistarmaður sá um uppsetninguna.

Stjórn Kjarvalsstaða:

Sjófn Sigurbjörnsdóttir, formaður
Guðrún Helgadóttir, varaformaður
Dávid Oddsson
Jón Reykdal
Þorgerður Ingólfssdóttir

Listráðunautur Kjarvalsstaða og höfundur sýningarskrár:
Þóra Kristjánsdóttir

Forstöðumaður Kjarvalsstaða:
Alfreð Guðmundsson

Forstöðumaður Menningarstofnunar Bandaríkjanna:
Paul J. Saxton

Robert Rauschenberg

Það er því miður of sjaldgæfur viðburður í listalífi hérlendis, að á sýningum séu verk þeirra manna, sem hæst ber erlendis hverju sinni. Sú sýning sem hér er á ferðinni gefur heldur ekki nema litla hugmynd um feril og sköpunarafl Roberts Rauschenbergs; hér gefur aðeins að líta 31 grafíska mynd. En allt um það er þó mikill fengur að þessari lítu sýningu, hún gefur skýra mynd af ferli listamannsins og viðfangsefnum á árunum 1969–73, en þá urðu öll þessi verk til; þarna á meðal eru t.d. nokkur verk úr myndröðinni „Currents“, geysimiklu verki, samansettu úr blaðaúrklippum, talið tímamótaverk á sköpunarferli Rauschenbergs. Sömuleiðis myndröðin „Tares“, „Horsefeathers“ og „Carbird“; í síðast-talda verkinu notar listamaðurinn m.a. umbúðapappír, bylgjuþappa, limbönd, og stimpla til þess að ná tilætluðum áhrifum.

Eftir heimsstyrjöldina síðari hljóp mikil gróska í bandaríska myndlist sem æ síðan hefur einkennst af ólgu, fjöri og þrótti; sumum finnst hvergi meira um að vera í myndlist umheimsins. Á þessum árum í kjölfar styrjaldarinnar upphöfst ný kynslóð myndlistarmanna, sem kvað við nýjan tón og boðaði ný sannindi, þá umdeild, nú viðurkennd. Þarna voru á ferð formbyltingarmenn eins og Jackson Pollack, Mark Rothko, Willem de Kooning og Robert Rauschenberg. Á sama tíma spannar listheimur Bandaríkjanna gamlar hefðir, sem ekkert láta á sjá og virðast hafa nóg fjörefni, tókum til dæmis raunseislysingarmennina, með Andrew Wyeth í broddi fylkingar, — eða þá sem einförum fara, Joseph Cornell eða hans líka, sem bæði súrrealistar og naivistar gætu reynt að eigna sér vegna smámyndanna, sem áhorfandinn þarf nánast sem að skoða í gegnum skráargat til að sjá sambengi hluta í nýju ljósi. Hin nýja kynslóð gengur fram af meiri skapofsa og ungar maður er Rauschenberg „enfant terrible“: þá óstýrlætisbarn, nú eftirlætisbarn. Ófgar hans fóru iðulega í viðkvæmar fagurfræðilegar taugar, en smám saman komust menn ekki hjá því að sjá, að þarna var á ferðinni alvarleg leit að nýjum listrænum verðmætum, og nýjum lífssannindum, sem speglaðu nýjan tíma; og þetta varð að steypa saman, þess vegna öll þessi umbrot. Rauschenberg hefur í leit sinni átt sín tímabil, hvítu málverkanna, svörtu málverkanna, rauðu málverkanna, — meira að segja tímabil „óhreinu myndanna“. Allt voru þetta tilraunir með myndefni og form, vörður á leið hans yfir lítt byggðar slóðir. Í „óhreinu myndunum“ notaði hann ný efni, og það hefur hann verið óragur við alla tíð, og oft hefur það komið óþægilega við fólk. En hann hefur ekki einungis verið nýskapandi í þeim efnum, hann hefur verið ósedjandi í því að brjóta niður vegg og tengja saman ný rými, oft er erfitt að flokka listaverk hans í málverk, höggmyndir, eða eitthvað annað. Jafnvel grafíkverk hans er erfitt að flokka, eins og gestir hér á Kjarvalsstöðum munu sannreyna. Hann hefur unnið mikið með listamönnum á öðrum sviðum, tónlistarmönnum, dönsurum, að gjörningum og uppákomum, og búið leikverkum sviðsbúning.

Annars var ekki ætlunin að gera hér úttekt á listferli Rauschenbergs, til þess eru hvorki efni né ástæður. Hann er fæddur í Port Arthur í Texas 1925, af hollenskum, sænskum, þýskum og indíánaættum (Cherokee). Var við listnám í Kansas City, í París og víðar, m.a. í Black Mountain College í Norður Karolínufylki, þar sem hann naut tilbagnar viðþekktis kennara, Jósefs Albers. Þar kynntist hann líka ýmsum listamönnum, sem hann átti seinna eftir að vinna með, eins og tónskáldinu John Cage og dansasmíðnum Merce Cunningham. Seinna bættust aðrir listamenn í þennan hóp, eins og arkitektinn Buckminster Fuller, og málaramir Robert Motherwell og Franz Kline. Franski listamaðurinn Marcel Duchamp hafði annars á þessum árum mótandi áhrif á Rauschenberg. Á síðustu árum hafa listfræðingar spreytt sig á að lýsa áhrifum Rauschenbergs á yngri listamenn, sem virðast ætla að verða allviðstæk. Robert Rauschenberg hefur haldið fjölda sýninga heima og erlendis, og verið verðlaunaður í bak og fyrir. Þessi sýning er komin hingað fyrir tilstilli Menningarstofnunar Bandaríkjanna á Íslandi, og hér sem annars staðar er Rauschenberg áfúsugestur.

Robert Rauschenberg

1. „Rays“ 1973 sáldþrykk 135×99 cm
2. „Tares“ 1972 collage 83×60 cm
3. „Tares“ 1972 collage 83×60 cm
4. „Tares“ 1972 collage 83×60 cm
5. „Tares“ 1972 collage 83×60 cm
6. „Tares“ 1972 collage 83×60 cm
7. „Tares“ 1972 collage 83×60 cm
8. „Horsefeathers“ 1972-blönduð tækni 65×51 cm
9. „Horsefeathers“ 1972 blönduð tækni 65×51 cm
10. „Carbird VI“ 1971 collage-prent 84×85 cm
11. „Carbird V“ 1971 collage-prent 84×85 cm
12. „Carbird VII“ 1971 collage-prent 84×85 cm
13. „White Walk“ 1970 steinprent 105×75 cm
14. „Tracks“ 1970 steinprent 55×76 cm
15. „Strawboss“ 1970 steinprent 55×76 cm
16. „Subtotal“ 1970 steinprent 20×32 cm
17. Myndröðin „Features“ úr myndaflokknum „Currents“ 1970 sáldþrykk 100×100 cm.
18. Myndröðin „Features“ úr myndaflokknum „Currents“ 1970 sáldþrykk 100×100 cm.
19. Myndröðin „Features“ úr myndaflokknum „Currents“ 1970 sáldþrykk 100×100 cm
20. Myndröðin „Surface“ úr myndaflokknum „Currents“ 1970 sáldþrykk 100×100 cm
21. Myndröðin „Surface“ úr myndaflokknum „Currents“ 1970 sáldþrykk 100×100 cm
22. „Tilt“ 1969 steinprent 70×57 cm
23. „Earth Tie“ 1969 steinprent 122×86 cm
24. „Loop“ 1969 steinprent 84×71 cm
25. „Brake“ 1969 steinprent 107×71 cm
26. „Shell“ 1969 steinprent 82×66 cm
27. „Rack“ 1969 steinprent 76×62 cm
28. „Trust Zone“ 1969 steinprent 102×84 cm
29. „Sky Hook“ 1969 steinprent 122×86 cm
30. „Fuse“ 1969 steinprent 66×96 cm
31. „Air Pocket“ 1969 steinprent 90×130

Ath. blönduð tækni: color litho/screen/pochoir/collage embossed.

nýstefna
í
new york

the new york
avant garde
of the 1970's

Kjarvalsstaðir 30. ág. — 9. sept. '79